Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Stjórnarskrá Íslands uppkast með breytingum og athugasemdum Bjarna, ódagsett

Bjarni Benediktsson – Stjórnarskrá Íslands uppkast með breytingum og athugasemdum Bjarna

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-9, Örk 3-b

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# STJÓRNARSKRÁ ÍSLANDS.

I.

1. gr.

Stjórnskipulagið er þingbundin lýðveldisstjórn.

2. gr.

Alþingi og forseti fara saman með löggjafarvaldið. Forseti og önnur stjórnarvöld samkvæmt stjórnarskrá þessari og öðrum landslögum fara með framkvæmdarvaldið. Dómendur fara með dómsvaldið.

II.

3. gr.

Sameinað alþingi kýs forseta.

4. gr.

Kjörgengur til forseta er hver 35 ára gamall maður, sem fullnægir skilyrðum kosningaréttar til alþingis (að fráskildu búsetuskilyrðinu).

5. gr.

Til þess að kosning forseta sé lögmæt, þurfa meira en 3/4 hlutar þingmanna að vera á fundi og skila þar gildu atkvæði. Réttkjörinn forseti er sá, er fær meira en helming greiddra atkvæða þeirra, er á fundi eru. Ef sá atkvæðafjöldi næst ekki, skal kjósa af nýju óbundinni kosningu. Ef enginn fær þá heldur nógu mörg atkvæði, skal kjósa um þá tvo, er flest fengu atkvæði í síðari óbundnu kosningunni. En ef fleiri hafa þá hlotið jafnmörg atkvæði, ræður hlutkesti, um hverja tvo skuli kjósa. Ef þeir fá báðir jafnmörg atkvæði í bundnu kosningunni, ræður hlutkesti, hvor þeirra verður forseti.

6. gr.

Forseti skal kosinn til 7 ára. Kosning nýs forseta skal fara fram á síðasta ársfjórðungi áður en kjörtímabili hans er lokið.

7. gr.

Nú deyr forseti eða lætur af störfum, áður en kjörtíma hans er lokið, og skal þá kjósa nýjan forseta til næstu 7 ára. Alþingi skal koma saman í því skyni innan mánaðar.

8. gr.

Nú verður sæti forseta laust eða hann getur ekki gegnt störfum um sinn vegna dvalar erlendis, sjúkleika eða af öðrum ástæðum, og skulu þá for-

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sætisráðherra, forseti sameinaðs alþingis og forseti hæstaréttar fara með forsetavald. Ef ágreiningur þeirra í milli, ræður meirihluti.

9. gr.

Forseti má ekki vera alþingismaður né hafa með höndum launuð störf í þágu opinberra stofnana eða einka-atvinnufyrirtækja.

Ákveða skal með lögum greiðslur af ríkisfé til forseta og þeirra, sem fara með forsetavald. Óheimilt skal að lækka greiðslur þessar til forseta kjörtímabil hans.

10. gr.

Forseti vinnur eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni er hann tekur við störfum. Af eiðstaf þessum eða heiti skal gera tvö samhljóða frumrit. Geymir alþingi annað, en þjóðskjalasafnið hitt.

11. gr.

Forseti er ábyrgðarlaus á stjórnarathöfnum. Svo er og um þá, er störfum hans gegna.

Forseti verður ekki sóttur til refsingar, nema með samþykki alþingis.

Sameinað alþingi getur samþykkt, að forseti skuli þegar láta af störfum, enda beri 10 þingmenn hið fæsta fram tillögu um það, 3/4 hlutar þingmanna séu á fundi, og sé tillagan samþykkt með a.m.k. 3/4 gildra atkvæða þeirra, sem á fundi eru.

12. gr.

Forseti hefir aðsetur í Reykjavík eða nágrenni.

13. gr.

Forseti lætur ráðherra framkvæma vald sitt.

Ráðuneytið hefir aðsetur í Reykjavík.

14. gr.

Ráðherrar bera ábyrgð á embættisrekstri sínum. Ráðherraábyrgð er ákveðin með lögum. Alþingi getur kært ráðherra fyrir embættisrekstur þeirra. Landsdómur dæmir þau mál.

15. gr.

Forseti skipar ráðherra og veitir þeim lausn. Hann ákveður tölu þeirra og skiptir störfum með þeim.

16. gr.

Forseti og ráðherrar skipa ríkisráð, og hefir forseti þar forsæti.

Lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir skal bera upp fyrir forseta í ríkisráði.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

17. gr.

Ráðherrafundi skal halda um nýmæli í lögum og um mikilvæg stjórnarmálefni. Svo skal og ráðherrafund halda, ef einhver ráðherra óskar að bera þar upp mál. Fundunum stjórnar sá ráðherra, er ríkisforseti hefir kvatt til forsætis og nefnist hann forsætisráðherra.

18. gr.

Sá ráðherra, sem mál hefir undirritað, ber það að jafnaði upp fyrir ríkisforseta. Ef annar ráðherra gerir það, ber hann ábyrgð á því, að málið sé rétt flutt, en annars ber hann ekki sérstaka stjórnskipulega ábyrgð á því, nema hann hafi tekið hana á sig með öðrum hætti.

19. gr.

Undirskrift ríkisforseta undir löggjafarmál eða stjórnarerindi, veitir þeim gildi er ráðherra ritar undir þau með honum.

20. gr.

Ríkisforseti veitir þau embætti, er lög mæla.

Engan má skipa embættismann, nema hann hafi íslenzkan ríkisborgararétt. Embættismaður hver skal vinna eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni.

Nú er embætti lagt niður, og á þá sá, er því gegndi, rétt til 2/3 hluta þeirra embættislauna, er hann hafði þá, næstu 4 árin, þó aldrei lengur en þar til mátt hefði leysa hann frá embætti fyrir aldurssakir. Ef embættismaður fær á nefndu tímabili annað embætti, mega samanlagðar embættistekjur hans og áðurnefndur launahluti ekki nema meira en tekjur niðurlagða embættisins. Þegar liðinn er sá tími, er embættismanni voru greidd laun vegna niðurlagningar embættis, enda hafi hann ekki fengið annað embætti, á hann rétt til eftirlauna og lífeyris lögum samkvæmt.

Ríkisforseti getur vikið þeim frá embætti, er hann hefir veitt það. Embættismaður, sem vikið er frá að ósekju, sætir ákvæðum 3. mgr.

Ríkisforseti getur flutt embættismenn úr einu embætti í annað, enda missi þeir einskis í af embættistekjum sínum, og sé þeim veittur kostur á að kjósa um embættaskiptin eða lausn frá emætti með rétti til helmings af launum þeim, er þeir þá höfðu, og að öðru leyti með þeim kjörum, er í 3. mgr. segir.

Með lögum má veita ákveðnum embættismanna-

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

flokkum sömu réttindi, sem veitt eru dómurum þeim, er ekki hafa umboðsstörf á hendi.

21. gr.

Forseti gerir samninga við önnur ríki. Þó getur hann enga slíka samninga gert, ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi, eða ef þeir horfa til breytinga á stjórnarhögum ríkisins, nema samþykki alþingis komi til.

22. gr.

Forseti stefnir saman alþingi ár hvert, og ákveður hvenær því skuli slitið. Þingi má eigi slíta fyrr en fjárlög eru samþykkt. Forseti kveður alþingi til aukafunda, þegar nauðsyn er til.

23. gr.

Forseti getur frestað fundum alþingis tiltekinn tíma, þó ekki lengur en tvær vikur, og ekki nema einu sinni sama þingi. Alþingi getur þó veitt forseta samþykki til afbrigða frá þessum ákvæðum.

24. gr.

Forseti getur rofið alþingi. Skal þá láta nýjar kosningar fara fram svo fljótt sem föng eru á, enda komi alþingi saman eigi síðar en 8 mánuðum eftir þingrof.

25. gr.

Forseti getur látið leggja fyrir alþingi frumvörp til laga og annarra samþykkta.

26. gr.

Ef alþingi hefir samþykkt lagafrumvarp, skal það lagt fyrir forseta til staðfestingar, og ~~fær~~ staðfestingin því lagagildi. Nú synjar forseti lagafrumvarpi staðfestingar, og fær það þó engu að síður lagagildi, en leggja skal það þá svo fljótt, sem kostur er, undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar með leynilegri atkvæðagreiðslu. Lögin falla úr gildi, ef samþykkis er synjað, en ella halda þau gildi sínu.

27. gr.

Birta skal lög. Um birtingarháttu og framkvæmd laga fer að landslögum.

28. gr.

Þegar brýna nauðsyn ber til, getur forseti gefið út bráðabirgðalög milli þinga. Ekki mega þau þó ríða í bág við stjórnarskrána. Ætíð skulu þau lögð fyrir næsta alþingi á eftir.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nú samþykkir alþingi ekki bráðabirgðalög, og falla þau þá úr gildi.

Bráðabirgðafjárlög má ekki gefa út, ef alþingi hefir samþykkt fjárlög fyrir fjárhagstímabilið.

Ríkis

29. gr.

Forseti getur ákveðið, að saksókn fyrir afbrot skuli niður falla, ef ríkar ástæður eru til. Hann náðar menn og veitir almenna uppgjöf saka. Ráðherra getur hann þó eigi leyst undan saksókn né refsingu, sem landsdómur hefir dæmt, nema með samþykki alþingis.

Ríkis

30. gr.

Forseti veitir annaðhvort sjálfur, eða með því að fela það öðrum stjórnvöldum, undanþágur frá lögum samkvæmt reglum, sem farið hefir verið eftir hingað til.

III.

31. gr.

Nýja stjskr.

Á alþingi eiga sæti allt að 49 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegum kosningum, þar af

a) 32 í einmennings- og tvímenningskjördæmum þeim, sem nú eru. Kosning þeirra er óhlutbundin. Skipta má tvímenningskjördæmum með lögum.
   Deyi þingmaður, kosinn í þessum kjördæmum, á kjörtímanum eða fari frá, þá skal kjósa þingmann í hans stað fyrir það, sem eftir er kjörtímans.

b) 6 í Reykjavík. Kosning þeirra er hlutbundin. Jafnmargir varamenn skulu kosnir samtímis og á sama hátt.

c) Allt að 11 þingmenn til jöfnunar milli þingflokka, svo að hver þeirra hafi þingsæti í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu sína við almennar kosningar. Heimilt er flokkum að hafa landslista í kjöri við almennar kosningar, enda greiði þá kjósendur atkvæði annaðhvort frambjóðanda í kjördæmi eða landslista. Frambjóðendur þess flokks, sem landslista hefir í kjöri og nær jöfnunarþingsæti, taka sæti eftir þeirri röð, sem þeir eru í á listanum að lokinni kosningu. Skal að minnsta kosti annaðhvert sæti tíu efstu manna á landslista skipað frambjóðendum flokksins í kjördæmum utan Reykjavíkur. Að öðru leyti fer um skipun jöfnunarþingsæta eftir kosninga-

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~lögum. Jafnmargir varamenn skulu kosnir í jöfnunarþingsætum samtímis og á sama hátt. Þingmenn skulu kosnir til 4 ára.~~

32. gr.

Alþingi skiptist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Á þriðjungur þingmanna sæti í efri deild, en 2/3 hlutar í neðri deild. Verði tala þingmanna þannig, að ekki sé unnt að skipta til þriðjunga í deildirnar, eiga þeir þingmenn, 1 eða 2, sem umfram eru, sæti í neðri deild.

Þingmenn til efri deildar skal kjósa í sameinuðu þingi hlutbundnum kosningum.

33. gr.

Kosningarrétt við kosningar til alþingis hafa allir, karlar sem konur, sem eru 21 árs eða eldri, þegar kosning fer fram, eru fjárráðir, hafa ríkisborgararétt hér á landi, og hafa verið búsettir í landinu síðasta árið áður en kosning fer fram. Þó getur enginn átt kosningarrétt, sem hefir verið sviptur honum með dómi í opinberu máli.

Kosningalög setja að öðru leyti nánari reglur um alþingiskosningar.

34. gr.

Kjörgengur til alþingis er hver, er kosningarrétt á.

Þeir dómendur, er ekki hafa umboðsstörf á hendi, eru þó ekki kjörgengir. Sama er um saksóknara ríkisins, ef hann verður skipaður.

IV.

35. gr.

Reglulegt alþingi skal saman koma ár hvert hinn 15. dag febrúarmánaðar, eða næsta virkan dag, ef helgidagur er, hafi ríkis forseti eigi tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

Samkomudegi alþingis má breyta með lögum.

36. gr.

Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess né frelsi.

37. gr.

Samkomustaður alþingis er jafnaðarlega í Reykjavík. Þegar sérstaklega er ástatt, getur ríkis forseti ákveðið, að alþingi skuli koma saman á öðrum stað á Íslandi.

38. gr.

Hver þingmaður hefir rétt til að bera upp á alþingi innan þess tíma, sem mælt er í þingsköp-

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um, frumvörp til laga og annara samþykkta til umræðu og ályktunar.

39. gr.

Sameinað alþingi og hvor þingdeild getur skipað nefndir þingmanna sinna til að rannsaka mikilvæg mál, er almenning varða, og veitt þeim rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum.

40. gr.

Engan skatt má á leggja, né breyta, né af taka, nema með lögum. Ekki má heldur taka lán, er skuldbindi ríkið, né selja eða með öðrum hætti láta af hendi neina af fasteignum ríkisins né afnotarétt þeirra, nema samkvæmt lagaheimild.

41. gr.

Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum.

42. gr.

Fyrir hvert reglulegt alþingi skal, þegar er það er saman komið, leggja frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagsár, sem í hönd fer, og skal í frumvarpinu fólgin greinargerð um tekjur ríkisins og gjöld.

Frumvarp til fjárlaga og fjáraukalaga skal leggja fyrir sameinað þing, og afgreiða þar með þremur umræðum.

43. gr.

Sameinað alþingi kýs þrjá yfirskoðunarmenn, og skulu þeim veitt laun fyrir starfa sinn. Þeir skulu kosnir með hlutfallskosningu. Yfirskoðunarmenn þessir eiga að gagnskoða árlega reikninga um tekjur og gjöld ríkisins og athuga, hvort tekjur þess séu þar allar taldar, og hvort nokkuð hafi verið af hendi greitt án heimildar. Þeir geta, hver um sig, tveir eða allir, krafizt að fá allar skýrslur þær og skjöl, sem þeim þykir þurfa. Síðan skal safna þessum reikningum fyrir hvert fjárhagstímabil í einn reikning og leggja fyrir alþingi frumvarp til laga um samþykkt á honum, og athugasemdir yfirskoðunarmanna.

Rétt er yfirskoðunarmönnum, einum eða fleirum, að fá að sjá reikninga og bækur ríkisféhirðis og ráðuneytanna fyrir ár það, sem er að líða eða liðið er. Þyki þeim nokkuð athugavert, skulu þeir gera eftirmönnum sínum vísbendingu um það skriflega.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

44. gr.

Ekkert lagafrumvarp, að fjárlögum og fjáraukalögum undanskildum, má samþykkja fyrr en það hefir verið rætt þrisvar sinnum í hvorri þingdeild.

45. gr.

Þegar lagafrumvarp er samþykkt í annari hvorri þingdeild, skal það lagt fyrir hina deildina, svo sem það var samþykkt. Ef þar verða breytingar á gerðar, fer frumvarpið aftur til fyrri þingdeildar. Ef hér verða aftur gerðar breytingar, fer það að nýju til hinnar deildarinnar.

Nú gengur enn eigi saman, og ganga þá báðar deildirnar saman í eina málstofu, og er þá málinu lokið með einni umræðu í sameinuðu alþingi.

Þegar alþingi skipar eina málstofu, þarf meira en helmingur þingmanna úr hvorri þingdeild að vera á fundi, og eiga þátt í atkvæðagreiðslu, til þess að fullnaðarsamþykkt verði lögð á mál. Ræður þá atkvæðafjöldi úrslitum um einstök málsatriði. En eigi ná þó lagafrumvörp, önnur en frumvörp til fjárlaga og fjáraukalaga, fullnaðarsamþykki, nema tveir þriðjungar greiddra atkvæða séu með þeim.

46. gr.

Alþingi sker sjálft úr, hvort þingmenn þess séu löglega kosnir, svo og úr því, hvort þingmaður hafi misst kjörgengi.

47. gr.

Sérhver nýr þingmaður skal vinna eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni þegar er kosning hans hefir verið tekin gild.

48. gr.

Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum.

Opinberir starfsmenn, sem kosnir verða til alþingis, þurfa ekki leyfi yfirboðara sinna til þess að þiggja kosningu, en skyldir eru þeir til að annast um á sinn kostnað, að stöðu þeirra verði gegnt á viðunandi hátt.

49. gr.

Meðan alþingi stendur yfir, má ekki taka neinn alþingismann fastan fyrir skuldir án samþykkis sameinaðs alþingis né heldur setja hann í gæzluvarðhald eða höfða opinbert mál á móti honum, nema hann sé staðinn að refsiverðu broti.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Enginn alþingismaður verður krafinn reikningsskapar utan þings fyrir það, sem hann hefir sagt í þinginu, nema sameinað alþingi leyfi.

50. gr.

Nú glatar alþingismaður kjörgengi, og missir hann þá rétt þann, er þingkosning hafði veitt honum.

51. gr.

Ráðherrar eiga samkvæmt embættisstöðu sinni sæti á alþingi og eiga þeir rétt á að taka þátt í umræðum eins oft og þeir vilja, en gæta verða þeir þingskapa. Atkvæðisrétt eiga þeir þó því aðeins að þeir séu jafnframt alþingismenn.

52. gr.

Hvor þingdeild og sameinað alþingi kýs sjálft forseta sína og ritara.

53. gr.

Hvorug þingdeildin getur gert samþykkt um mál, nema meira en helmingur þingdeildarmanna séu á fundi, og greiði þar atkvæði.

54. gr.

Heimilt er hverjum alþingismanni að bera upp sérhvert almennt mál í þingdeild sinni eða í sameinuðu alþingi, ef hún eða það leyfir, og beiðast um það skýrslu ráðherra.

55. gr.

Sameinað alþingi eða þingdeild má ekki taka við neinum málefnum nema einhver, sem þar á sæti, flytji það.

56. gr.

Nú þykir sameinuðu alþingi eða þingdeild ekki ástæða til, að gera aðra ályktun um eitthvert málefni, og má þá vísa því til ráðherra.

57. gr.

Fundir beggja þingdeilda og sameinaðs alþingis skulu haldnir í heyranda hljóði. Þó getur forseti eða svo margir þingmenn, sem til er tekið í þingsköpum, krafizt, að öllum utanþingsmönnum sé vísað brott, og sker þá þingfundur úr, hvort ræða skuli málið í heyranda hljóði eða fyrir luktum dyrum.

58. gr.

Þingsköp sameinaðs alþingis og beggja deilda þess, skulu sett með lögum.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

V.

59. gr.

Skipun dómsvaldsins verður eigi ákveðin nema með lögum.

60. gr.

Dómendur skera úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvalda. Þó getur enginn, sem um þau leitar úrskurðar, komið sér hjá að hlýða yfirvaldsboði í bráð með því að skjóta málinu til dóms.

61. gr.

Dómendur skulu í embættisverkum sínum fara einungis að lögum. Þeim dómendum, sem ekki hafa umboðsstörf á hendi, verður ekki vikið úr embætti nema með dómi, og ekki verða þeir heldur fluttir í annað embætti gegn vilja sínum, nema þegar verið er að koma nýrri skipun á dómstólana. Þó má veita þeim dómara, sem orðinn er fullra 65 ára gamall, lausn frá embætti, en eigi skal hann missa neins í af launum sínum.

VI.

62. gr.

Hin evangeliska lútherska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda.

Breyta má þessu með lögum.

63. gr.

Landsmenn eiga rétt á að stofna félög til að þjóna guði með þeim hætti, sem bezt á við sannfæringu hvers eins. Þó má ekki kenna eða fremja neitt, sem er gagnstætt góðu siðferði og allsherjarreglu.

64. gr.

Enginn má neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum réttindum fyrir sakir trúarbragða sinna, né heldur má nokkur fyrir þá sök skorast undan almennri félagsskyldu.

Enginn er skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til neinnar annarrar guðsdýrkunar en þeirrar, er hann sjálfur aðhyllist.

Nú er maður utan þjóðkirkju og eigi í öðru viðurkenndu trúfélagi, og geldur hann þá til háskóla Íslands eða einhvers styrktarsjóðs við þann skóla, eftir því sem á verður kveðið, gjöld þau, er honum ella hefði borið að greiða til þjóðkirkjunnar. Skipa má gjaldi þessu með lögum.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

VII.

65. gr.

Hvern þann, sem tekinn er fastur, skal án undandráttar leiða fyrir dómara. Láti dómari manninn eigi jafnskjótt lausan, skal hann, áður en sólarhringur sé liðinn, leggja rökstuddan úrskurð á hvort maðurinn skuli settur í gæzluvarðhald. Megi láta hann lausan gegn tryggingu, þá skal ákveða í úrskurði, hver og hversu mikil hún skuli vera.

Úrskurði dómara má þegar skjóta til æðri dóms að hætti opinberra mála.

Engan má setja í gæzluvarðhald fyrir sök, er aðeins varðar fésekt eða varðhaldi.

66. gr.

Heimilið er friðheilagt. Ekki má gera húsleit né kyrrsetja bréf og önnur skjöl og rannsaka þau, nema eftir dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild.

67. gr.

Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína, nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.

68. gr.

Enginn útlendingur getur fengið ríkisborgararétt, nema með lögum.

Um heimild útlendinga til þess að eiga fasteignarréttindi hér á landi skal skipa með lögum.

69. gr.

Engin bönd má leggja á atvinnufrelsi manna, nema almenningsheill krefji, enda þarf lagaboð til.

70. gr.

Sá skal eiga rétt á styrk úr almennum sjóði, sem eigi fær séð fyrir sér og sínum, og sé eigi öðrum skylt að framfæra hann, en þá skal hann vera skyldum þeim háður, sem lög áskilja.

71. gr.

Hafi foreldrar eigi efni á að fræða sjálf börn sín eða séu börnin munaðarlaus og öreigar, er skylt að sjá þeim fyrir uppfræðingu og framfæri af almannafé.

72. gr.

Hverjum manni er rétt að láta í ljós hugsanir sínar á prenti. Þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

prentfrelsi eru óheimilar.

73. gr.

Rétt er mönnum að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi, án þess að sækja þurfi um leyfi til þess. Félagi má eigi slíta með stjórnarráðstöfun. Þó má banna félag um sinn, en þá skal þegar höfða mál til félagsslita.

74. gr.

Rétt er mönnum að koma saman vopnlausir. Lögreglustjórn er heimilt að vera við almennar samkomur. Banna má mannfundi undir berum himni, þegar uggvænt þykir, að af þeim leiði óspektir.

75. gr.

Hverjum vopnfærum manni er skylt að taka þátt í vörn landsins, eftir því sem kann að verða mælt í lögum.

76. gr.

Rétti sveitarfélaga til að ráða sjálf málefnum sínum með umsjón ríkisstjórnarinnar, skal skipað með lögum.

77. gr.

Skattamálum skal skipa með lögum.

78. gr.

Sérréttindi, er bundin séu við aðal, nafnbætur eða lögtign, má eigi taka í lög.

79. gr.

Tillögur, hvort sem þær eru til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp, bæði á reglulegu alþingi og auka-alþingi. Nái tillagan samþykki alþingis, skal rjúfa það þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki alþingi ályktunina enn óbreytta, þá er hún ~~þegar~~ gild stjórnskipunarlög.

og nái hún staðfestingu ríkisforseta

2.

Nú samþykkir alþingi breytingu á kirkjuskipun ríkisins samkvæmt 62. gr., og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar, og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg.

<u>Ákvæði um stundarsakir</u>.

svo og embættisgengi,

(1) Kosningarrétti og kjörgengi til alþingis halda að öðru jöfnu þeir menn, er þann rétt höfðu, þegar stjórnarskrá þessi kemur til framkvæmda, þótt eigi séu þeir íslenzkir ríkisborgarar.

(2) Þeir menn, er eftir eldri reglum hafa misst kosningarrétt og kjörgengi sakir flekkaðs mannorðs, öðlast þann rétt, er þeir hafa fengið uppreist æru að lögum.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## G r e i n a r g e r ð.

Í frv. þessu eru fyrst og fremst gerðar þær breytingar á stjórnarskránni, sem leiðir af niðurfalli dansk-íslenzkra sambandslaga og af því, að forseti kemur í stað konungs. Aðrar breytingar miða ýmist að því að gera ákvæði stjórnarskrár innar skýrari eða eru einungis orðalagsbreytingar, vegna þess að svo hefir verið talið betur fara.

Um I.

Um 1. gr.

Hér er sagt hvert stjórnskipulagið skuli vera. Lýðveldisstjórn kemur í stað konungsstjórnar áður. Eftir sem áður er tekið fram, að stjórnin skuli vera þingbundin, og er það nauðsynlegt m.a. til þess, að þingið haldi rétti sínum til áhrifa á skipun og lausn ráðherra.

Um 2. gr.

Efnisbreyting er sú að forseti kemur í stað konungs. Þá er og leitazt við að orða betur en áður, hverjir í raun og veru fara með framkvæmdarvaldið.

Um II.

Um 3. gr.

~~Samkvæmt~~ óskum ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir, að sameinað alþingi kjósi forseta. Hníga sterk rök að þessu, m.a. þau, að á þenna veg verður minni truflun af kosningu nýs forseta en vera myndi, ef hann væri kosinn með alþjóðaratkvæði. Fer einnig vel á því, að alþingi kjósi forseta, þar sem ætlunin er sú, að það haldi sama valdi á málefnum ríkisins og það hefir haft, og forseti verður því háður þinginu með svipuðum hætti og konungur nú er í framkvæmd.

Um 4. gr.

Ekki þykir hlýða, að yngri maður en 35 ára gamall geti orðið forseti, því að til starfans þarf, auk margs annars, lipurð og mannþekkingu, sem ekki fæst nema með nokkrum aldri. Gert er ráð fyrir, að forseti megi hvorki vera sviptur fjárræði né hafa verið sviptur kosningarrétti til alþingis með dómi í opinberu máli, en slíkt myndi eigi verða gert, nema maður hafi framið refsiverðan verknað, svívirðilegan að almenningsáliti. Þessi skilyrði sýnast eigi geta orkað tvímælis. Hitt er e.t.v. hæpnara, hvort rétt sé að krefjast þess af forseta, að hann sé íslenzkur ríkisborg-

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ari. Ótækt sýnist þó að krefjast ekki þessa um hina æðstu virðingarstöðu í ríkinu. Enda er hægur hjá, ef alþingi vill gera þann forseta, sem ekki er ríkisborgari, að veita honum fyrst borgararéttinn með lögum og kjósa hann síðan. Aftur á móti virðist ástæðulaust að krefjast undanfarinnar búsetu af forseta.

Um 5. gr.

Rétt sýnist að gera allstrangar kröfur um fundarsókn og þátttöku í atkvæðagreiðslu, þegar forseti er kosinn. Að öðru leyti eru ákvæði greinarinnar sniðin eftir fyrirmælum um kosningu forseta alþingis.

Um 6. gr.

Álitamál er, til hve langs tíma kjósa skuli forseta, en með því að hafa kjörtímabilið nokkuð langt, skapast líkur fyrir aukinni reynslu forseta í starfinu og truflanir vegna tíðra forsetaskipta verða minni. Í 11. gr. eru hinsvegar fyrirmæli um að losna megi við ófæran forseta, þó að kjörtími hans sé ekki liðinn.

Um 7. gr.

Sjálfsagt sýnist, að sá, sem kosinn er í stað forseta, er deyr eða lætur af störfum, áður en kjörtíma hans er lokið, sé kosinn til fulls kjörtímabils.

Um 8. gr.

Eðlilegt er, að æðstu handhafar hinna þriggja greina ríkisvaldsins, framkvæmdavalds, löggjafarvalds og dómsvalds, fari með vald forseta, þegar hans nýtur ekki við, og er það hér lagt til.

Um 9. gr.

Bezt fer á því, að forseti gegni yfirleitt ekki öðrum störfum en forsetastarfinu, og er í fyrri mgr. leitazt við að hindra það. Til þess er ætlazt, að forseti megi þó hafa með höndum ólaunuð trúnaðarstörf, t.d. varðandi mannúðarmál o.þ.h. Þá myndi og t.d. vísindamanni vera heimilt að vinna að rannsóknum sínum, rita um þær og taka fé fyrir, skáldsagnahöfundi að rita skáldverk og fá ritlaun o.s.frv.

Fyrri hluti síðari mgr. er hliðstæður því, sem um konung hefir gilt. Síðari hlutinn er aftur á móti nýmæli í íslenzkum lögum. En ákvæðið miðar að því að hindra, að fjárhagslegum þvingunarráðum verði beitt gegn forseta, eða alþingi eftir á reyni með þessum hætti að ná sér niðri á forseta. Með

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fyrirmælinu er einungis verndaður réttur forseta til sömu krónutölu og hann í upphafi hafði, en enganveginn tryggt að kaupmáttur krónunnar haldizt óbreyttur.

Um 10. gr.

Samsvarar því, sem um konung hefir gilt.

Um 11. gr.

Rétt virðist, að forseti og þeir, er störfum hans gegna, séu ábyrgðarlausir á stjórnarathöfnum eins og konungur hefir verið enda á valdið eftir sem áður í raun og veru að vera í höndum ráðherra. Hinsvegar sýnist ástæðulaust, að forseti sé ábyrgðarlaus, ef svo ólíklega færi, að hann gerði sig sekan um refsiverðan verknað utan embættis síns. Nauðsynlegt er þó að firra forseta óþarfri áreitni, og er því áskilið, að samþykki alþingis þurfi til þess, að hann verði sóttur til refsingar.

Hugsanlegt er, að þau atvik bæri að höndum, að ótækt sé að forseti gegni lengur starfa sínum, en hann fáizt þó ekki til þess með góðu að láta af honum. Alþingi verður því að hafa heimild til þess að svifta hann forsetatigninni, en jafnframt verður að búa svo um, að ekki sé hvatvíslega í það ráðizt né ákvörðun um það tekin, nema mikill meirihluti þingmanna sé því fylgjandi. Þessu er reynt að ná með ákv. 3. mgr. 11. gr.

Um 12. gr.

Sjálfsagt sýnist að embættisaðsetur forseta sé í höfuðborg landsins, Reykjavík. Ákvæðið hindrar auðvitað ekki, að forseti megi hafa sumarbústað o.þ.h. annarstaðar.

Um 13. gr.

Ákvæði greinarinnar eru að efni hin sömu og nú gilda.

Um 14. gr.

Hér segir að ráðherrar beri ábyrgð á embættisrekstri sínum, þar sem nú er sagt, að þeir beri ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum. Breytingin er í samræmi við réttan skilning á núgildandi ákvæði. Að öðru leyti eru fyrirmælin hin sömu og áður.

Um 15.-19. gr.

Efnisbreytingar eru þær einar, sem leiðir af því, að forseti kemur í stað konungs. Að öðru leyti hefir einungis verið vikið við orðum, þar sem svo hefir þótt betur fara.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Um 20. gr.

Ákvæði stjórnarskrárinnar um embættismenn eru nú mjög ófullkomin og óljós, og er hér leitazt við að bæta úr því.

Fyrirmælin um veitingu embætta, skilyrðin fyrir skipun og heitvinningu eru að efni hin sömu og áður.

Það ráð er tekið, að setja fastar reglur um, hverjar bætur embættismaður skuli fá, ef embætti hans er lagt niður, hann er settur frá að ósekju eða fluttur á milli embætta. Nú myndu bæturnar a.m.k. í tveimur fyrrnefndum tilfellum, fara eftir mati dómstólanna, en réttara sýnist og hagkvæmara bæði fyrir ríki og embættismann, að fyrirfram séu settar um þetta reglur. Er þá gert ráð fyrir, að hlutur þess embættismanns, sem settur er frá að ósekju, sé jafn þess, er embætti hans er lagt niður. Sá, sem ekki vill hlíta því, að vera fluttur á milli embætta, fær aftur á móti minni bætur, vegna þess, að hann á kost á að halda embætti með a.m.k. sömu tekjum og hinu fyrra fylgdu. Sá, sem frá er vikið, vegna þess, að hann hefir brotið af sér, fær vitanlega engar bætur.

Um einstök atriði má geta þess, að í ákvæðinu um, að maður, sem fær nýtt embætti á hinum tilskilda tíma, megi ekki í samanlögðum tekjum nýja embættisins og hins tiltekna launahluta hins fyrra fara fram úr tekjum þess, felst engan veginn, að hann megi ekki fá nýtt embætti, sem hærri tekjur fylgi en hinu fyrra. Ef svo er, fellur launahluti fyrra embættisins einungis alveg niður.

Niðurlagsákvæðið er skýrar orðað en samsvarandi ákvæði er nú, en hið sama að efni.

Um 21. gr.

Sú ein breyting er gerð, að forseti kemur í stað konungs.

Um 22. gr.

Í þessari grein er, að forseta undanteknum, einungis um að ræða orðalagsbreytingar frá fyrri ákvæðum.

Um 23. gr.

Hér er orðalagi nokkuð vikið við, en efnisbreyting er sú ein, auk þess að forseti kemur í stað konungs, að sama þingi má ekki fresta nema einusinni án samþykkis alþingis, þar sem áður mátti ekki fresta því nema einu sinni á ári. Það fyrirmæli er óljóst, og sýnist hitt bæði heppi-

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

legra að efni og með öllu ótvírætt að formi.

Um 24. gr.

Nokkurs tvímælis hefir þótt orka um það, hvort skylt væri, að láta þingkosningar fara fram innan tveggja mánaða frá þingrofi eða hvort nóg væri að auglýsa þær og boða til þeirra innan þessa tíma. Síðari skilningurinn er helgaður af venju, og er hér í samræmi við það þessi tveggja mánaða frestur alveg felldur niður. Í stað þess er ráðherrum, að viðlagðri ábyrgð, gert að skyldu að sjá um, að nýjar kosningar fari fram, svo fljótt sem föng eru á, en það hvað hæfilegur tími skuli teljast í þessu efni, getur mjög farið eftir atvikum hverju sinni, árstíðum o.s.frv. Hinu er haldið, að alþingi skuli koma saman innan átta mánaða frá þingrofi, enda hefir sá frestur ætíð haft miklu meiri þýðingu en hinn. Í frv. er þó búið enn tryggilegar um en áður, þar sem ætlazt er til, að verði misbrestur á því, að alþingi verði stefnt til fundar innan þessa frests, þá geti það þegar að honum loknum komið saman af sjálfsdáðum, en fram að þessu hefir verið talið, að það gæti þingið ekki gert fyrr en á hinum reglulega samkomudegi sínum.

Um 25. gr.

Eina efnisbreytingin er sú, að forseti kemur í stað konungs.

Um 26. gr.

Ekki hefir þótt fært að veita forseta algert synjunarvald, eins og konungur hefir haft. Forseta er einungis fenginn réttur til að skjóta lagafrumvörpum alþingis undir alþjóðaratkvæði. Er þess þó að gæta, að frumvarpið öðlast lagagildi þegar í stað, þó að forseti taki slíka ákvörðun, en fellur þá úr gildi aftur, ef það fær ekki meirihluta við atkvæðagreiðsluna. Ákvörðun um slíka staðfestingarsynjun eða málsskot til þjóðaratkvæðis tekur forseti án þess að atbeini ráðherra þurfi að koma til. En ef mál er mikilvægt gæti haglega af synjuninni leitt slíkt ósamkomulag milli forseta og ráðherra, að til ráðherraskipta eða annarra aðgerða alþingis kæmi.

Um 27. gr.

Hér er boðið að birta skuli lög, og felst í því, að landslýður skuli ekki fara eftir óbirtum lögum. Gert er ráð fyrir, að um birtingarháttu og framkvæmd laga sé kveðið á í landslögum, og er

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

það réttara en það, sem nú segir, þar sem vitað er, að hvorki birting né almenn framkvæmd laga hefir í raun og veru verið í höndum konungs. Á það skal bent, að brýn nauðsyn er til, að lagaákvæðin um birtingu laga verði endurskoðuð og samin á ný.

Um 28. gr.

Ákvæðin um bráðabirgðalög eru, að konungi undanteknum, óbreytt frá því, sem verið hefir, að öðru leyti en því, að óverulegar orðalagsbreytingar eru gerðar.

Um 29. gr.

Fyrirmælin um niðurfall saksóknar, náðun og almenna uppgjöf saka, eru að efni til óbreytt, nema að forseti kemur í stað konungs.

Um 30. gr.

Ætlazt er til, að forseti veiti undanþágur frá lögum í stað konungs áður. Á leyfi er ekki sérstaklega minnst, þar sem þau í þessu sambandi verða trauðlega greind frá undanþágum.

Um III.

Um 31. gr.

Ákvæðin um skipun alþingis eru alveg óbreytt frá því, sem fyrir var mælt í stjórnskipulögum 1934.

Um 32. gr.

Því er bætt við fyrirmælin um deildaskiptingu alþingis, hvernig þingmenn efri deildar skuli kosnir. Hér er slíkt grundvallaratriði, að sjálfsagt er að mæla fyrir um það í sjálfri stjórnarskránni, þó að það hafi fallið niður úr gildandi stjórnarskrá, vafalaust fyrir vangá.

Um 33. gr.

Þar sem þær breytingar eru á orðnar, að ekki þykir lengur ástæða til að halda 5 ára búsetuskilyrðinu fyrir kosningarrétti, er látið nægja að krefjast búsetu síðasta árið áður en kosning fer fram. Skilyrðið um óflekkað mannorð hefir ætíð verið nokkuð óákveðið, og virðist heppilegra, að svo sé kveðið á, að maður missi kosningarrétt, ef svo er berum orðum sagt með dómi í opinberu máli. Fer það þá eftir landslögum hverju sinni, hvenær dómur kveður svo á, sbr. nú 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga frá 1940. Um kosningarréttarskilyrðin vísast ennfremur til ákvæða um stundarsakir. Loks er niður felld skýring á því, hverjir teljist fjár síns ráðandi, en sú skýring á vitan-

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

lega ekki við, eftir að þetta kosningarréttarskilyrði er ekki lengur sett.

Um 34. gr.

Orðalag kjörgengisfyrirmælanna er að nokkru stytt frá því, sem verið hefir. Þá er því bætt við, að ef saksóknari ríkisins verði skipaður, skuli hann ekki fremur en umboðsstarfslausir dómendur vera kjörgengur til alþingis. Ef slíkur saksóknari verður skipaður, myndi það gert til þess að koma ákæruvaldinu úr höndum pólitískra valdhafa, og er þá rétt að búa svo um, að sem mestar líkur séu til að það takizt.

Um IV.

Um 35. gr.

Berum orðum er sagt, að það er einungis samkomudagur alþingis, sem breyta má með lögum, en ekki öll ákvæði greinarinnar, eins og orðalagið áður gaf í skyn, þó að önnur niðurstaða væri fundin með lögskýringu. Þá er forseti að sjálfsögðu látinn koma í stað konungs um þingkvaðningu.

Um 36. gr.

Fyrra ákvæði er óbreytt.

Um 37. gr.

Forseti kemur í stað konungs, og að öðru leyti smávægileg orðabreyting frá fyrra ákvæði.

Um 38. gr.

Hér er hverjum þingmanni fenginn frumkvæðisréttur að lögum og öðrum samþykktum. Með þessu er vikið frá því sem áður var, að hvor þingdeild hafði þenna rétt. Í framkvæmd hefir þó hver einstakur þingmaður haft réttinn, enda er það samkvæmt þingsköpum, þar sem nokkur tímatakmörk eru þó sett þessum rétti. Gert er ráð fyrir, að þau takmörk haldist. Það er ljóst, að eftir að frumvörp til ýmiskonar samþykkta hafa nú um langt skeið verið flutt í sameinuðu þingi, að nokkru samkvæmt beinni fyrirskipun þingskapa, á ekki framar við að áskilja deildunum þenna rétt. Hvar frv. skuli borin upp fer annars eftir öðrum ákvæðum stjórnarskrárinnar og fyrirmælum þingskapa. Alveg er fellt niður ákvæðið um ávörp, enda er það nú óþarft. Myndi það einnig komast undir aðrar samþykktir en lagafrv., ef á þyrfti að halda.

Um 39. gr.

Tekið er fram berum orðum, að bæði sameinað þing og hvor þingdeild geti skipað nefndir, í

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

stað þess að áður var einungis hvorri deild fenginn rétturinn. Sú takmörkun fékk þó ekki staðizt, a.m.k. ekki nú orðið, og er breytingin því sjálfsögð. Að öðru leyti er einungis um orðalagsbreytingar að ræða.

Um 40.-47. gr.

Í greinum þessum eru að efni til alveg sömu ákvæði og í samsvarandi greinum núgildandi stjórnarskrár. Einungis var á nokkrum stöðum vikið við orðum, þar sem svo hefir þótt betur mega fara.

Um 48. gr.

Síðari málsgr. veitir öllum opinberum starfsmönnum rétt til að þiggja kosningu til alþingis án samþykkis yfirboðara sinna, þar sem embættismönnum einum hefir fram að þessu verið fenginn þessi réttur berum orðum, þó að hinir hafi sennilega notið góðs af ákvæðinu fyrir ályktun per analogiam. Ef ágreiningur yrði, myndu það að lokum verða dómstólarnir, sem úrskurðarvald ættu um, hvort stöðunni væri gegnt á viðunandi hátt.

Um 49. gr.

Í samræmi við miklu minni þýðingu deildanna en í fyrstu var, er sameinað alþingi látið hafa ákvörðunarvald um, hvort afsala eigi í einstökum tilfellum hinni sérstöku vernd þingmanna. Þá er fyrri mgr. orðuð um í samræmi við þann skilning, sem ætíð hefir verið í ákvæðið lagður. Þó heimilar orðalagið "refsivert brot" aðgerðir gegn þingmönnum í fleiri tilfellum en meðan um "glæp" var talað, en það orðalag var of óljóst.

Um 50.-51. gr.

Þessar greinar eru með mjög óverulegum orðabreytingum samhljóða samsvarandi eldri ákvæðum.

Um 52. gr.

Það er berum orðum fram tekið, að þingdeildir og sameinað alþingi kjósi ritara sína, og orðið forseti haft í fleirtölu, svo sem réttara er, þar sem forsetar eru margir.

Um 53. gr.

Hér er eldra ákvæði tekið upp með öllu óbreytt. Í 45. gr. segir um fundarsókn og atkvæðamagn í sameinuðu alþingi, og þarf því eigi að geta um það í þessari grein.

Um 54.-56. gr.

Í þessum greinum er því breytt frá eldri ákvæðum, að sameinað alþingi er allstaðar nefnt

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

jafnframt deildum og gert þeim jafn rétthátt. Það er í samræmi við þá venju, sem á hefir komizt, nema um fyrirspurnir skv. 54. gr. Þær hafa aldrei verið fluttar í sameinuðu þingi, en sá háttur sýnist nú vera orðinn alveg ástæðulaus.

Um 57.-58. gr.

Að efni til alveg samhljóða fyrri fyrirmælum, en lítilsháttar orðabreytingar í fyrri greininni.

Um V.

Um 59.-61. gr.

Eldri ákvæðum um dómsvald og dómendur er haldið alveg óbreyttum að efni. Í síðustu greininni er orðum vikið við, vegna þess að svo hefir verið talið betur fara.

Um VI.

Um 62.-64. gr.

Trúmálafyrirmælin eru óhögguð að efni. Einungis er síðari hluta 64. gr. breytt, til þess að ótvírætt verði, að það sé eingöngu gjald utantrúfélagsmanna, sem skipa má með lögum, en allri greininni verði ekki breytt á þann hátt, eins og orðalagið áður gaf í skyn.

Um VII.

Um 65. gr.

Greinin er orðuð um frá því sem áður var, aðallega til samræmis við hegningarlögin nýju.

Um 66.-78. gr.

Allar þessar greinar eru að efni til alveg samhljóða samsvarandi fyrri ákvæðum, en á nokkrum stöðum hefir þótt rétt að breyta orðalagi.

Um 79. gr.

Þess er að gæta, að niður eru felldar tilvitnanir í dansk-íslenzk sambandslög og þau ákvæði, sem á þeim hvíldu. Ákvæðum um breytingu á stjórnarskrá og kirkjuskipun er haldið óbreyttum að efni. Rangt.

Um ákvæði um stundarsakir.

1) Rétt þykir, að þeir, sem þegar hafa öðlazt kosningarrétt, vegna þess að þeir fengu hann áður en íslenzkur ríkisborgararéttur var skilyrði hans eða skv. sbl., haldi rétti sínum. Er það og í samræmi við ákvæði um stundarsakir í stjskr. 1920.

2) Þar til hegningarlögin frá 1940 ganga í gildi, er kosningarréttur ekki dæmdur af manni í opinberu máli. Ákvæðið er nauðsynlegt, til þess að þeir, sem fram að þeim tíma hafa misst réttinn, öðlist hann ekki fyrr en þeir hafa fengið uppreist æru.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~ Jl

Stjórnarskrá Íslands.

I.

1. gr.

Stjórnskipulagið er þingbundin lýðveldisstjórn.

2. gr.

Alþingi og forseti fara saman með löggjafarvaldið. Forseti og önnur stjórnvöld samkvæmt stjórnarskrá þessari og öðrum landslögum fara með framkvæmdarvaldið. Dómendur fara með dómsvaldið.

II.

3. gr.

Sameinað alþingi kýs forseta.

4. gr.

Kjörgengur til forseta er hver 35 ára gamall maður, sem fullnægir skilyrðum kosningarréttar til Alþingis að fráskildu búsetuskilyrðinu.

5. gr.

Til þess að kosning forseta sé lögmæt, þurfa meira en þrír fjórðu hlutar þingmanna að vera á fundi og skila þar gildu atkvæði. Rétt kjörinn forseti er sá, er fær meira en helming greiddra atkvæða þeirra, er á fundi eru. Ef sá atkvæðafjöldi næst ekki ~~í fyrstu kosningu~~, skal kjósa af nýju óbundinni kosningu. Ef enginn fær þá heldur nógu mörg atkvæði, skal kjósa um þá tvo, er flest fengu atkvæði í síðari óbundnu kosningunni. En ef fleiri hafa þá hlotið jafnmörg atkvæði, ræður hlutkesti, um hverja tvo skuli kjósa. Ef þeir fá báðir jafnmörg atkvæði í bundnu kosningunni, ræður hlutkesti, hvor þeirra verður forseti.

Linni

6. gr.

Forseti skal kosinn til sjö ára. Kosning nýs forseta skal fara fram á síðasta ársfjórðungi, áður en kjörtímabili hins er lokið.

7. gr.

Nú deyr forseti eða lætur af störfum, áður en kjörtíma hans er lokið, og skal þá kjósa nýjan forseta til næstu sjö ára. Alþingi skal koma saman í því skyni innan mánaðar.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8. gr.

Nú verður sæti forseta laust eða hann getur ekki gegnt störfum um sinn vegna dvalar erlendis, sjúkleika eða af öðrum ástæðum, og skulu þá forsætisráðherra, forseti sameinaðs alþingis og forseti hæstaréttar fara með forsetavald. Ef ágreiningur verður þeirra í milli, ræður meiri hluti.

9. gr.

Forseti má ekki vera alþingismaður né hafa með höndum launuð störf í þágu opinberra stofnana eða einka-atvinnufyrirtækja.

Ákveða skal með lögum greiðslur af ríkisfé til forseta og þeirra, sem fara með forsetavald. Óheimilt skal að lækka greiðslur þessar til forseta kjörtímabil hans.

10. gr.

Forseti vinnur eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni, er hann tekur við störfum. Af eiðstaf þessum eða heiti skal gera tvö samhljóða frumrit. Geymir alþingi annað, en þjóðskjalasafnið hitt.

11. gr.

Forseti er ábyrgðarlaus á stjórnarathöfnum. Svo er og um þá, er störfum hans gegna.

Forseti verður ekki sóttur til refsingar, nema með samþykki alþingis.

Sameinað alþingi getur samþykkt, að forseti skuli þegar láta af störfum, enda beri 10 þingmenn hið fæsta fram tillögu um það, þrír fjórðu hlutar þingmanna séu á fundi og séu tillagan samþykkt með að minnsta kosti þremur fjórðu gildra atkvæða þeirra, sem á fundi eru.

12. gr.

Forseti hefur aðsetur í Reykjavík.

13. gr.

Forseti lætur ráðherra framkvæma vald sitt.

Ráðuneytið hefur aðsetur í Reykjavík.

14. gr.

Ráðherrar bera ábyrgð á embættisrekstri sínum. Ráðherraábyrgð er ákveðin með lögum. Alþingi getur kært ráðherra fyrir embættisrekstur þeirra. Landsdómur dæmir þau mál.

15. gr.

Forseti skipar ráðherra og veitir þeim lausn.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hann ákveður tölu þeirra og skiptir störfum með þeim.

16. gr.

Forseti og ráðherrar skipa ríkisráð, og hefur forseti þar forsæti.

Lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir skal bera upp fyrir forseta í ríkisráði.

17. gr.

Ráðherrafundi skal halda um nýmæli í lögum og um mikilvæg stjórnarmálefni. Svo skal og ráðherrafund halda, ef einhver ráðherra óskar að bera þar upp mál. Fundunum stjórnar sá ráðherra, er forseti hefur kvatt til forsætis, og nefnist hann forsætisráðherra.

18. gr.

Sá ráðherra, sem mál hefur undirritað, ber það að jafnaði upp fyrir forseta. Ef annar ráðherra gerir það, ber hann ábyrgð á því, að ~~það~~ málið sé rétt flutt, en annars ber hann ekki sérstaka stjórnskipulega ábyrgð á því ~~vegna flutningsins~~, nema hann hafi tekið ~~[með öðrum hætti stjórnskipulega ábyrgð á efni þess.]~~ hana á sig með öðrum hætti.

19. gr.

Undirskrift forseta undir löggjafarmál eða stjórnarerindi veitir þeim gildi, er ráðherra ritar undir þau með honum.

20. gr.

Forseti veitir þau embætti, er lög mæla.

Engan má skipa embættismann, nema hann hafi íslenzkan ríkisborgararétt. Embættismaður hver skal vinna eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni.

Nú er embætti lagt niður, og á þá sá, er því gegndi, rétt til 2/3 hluta þeirra embættislauna, er hann hafði þá, næstu 4 árin, þó aldrei lengur en þar til mátt hefði leysa hann frá embætti fyrir aldurs sakir. Ef embættismaður fær á nefndu tímabili annað embætti, mega samanlagðar embættistekjur hans og áðurnefndur launahluti ekki nema meira en tekjur niðurlagða embættisins. Þegar liðinn er sá tími, er embættismanni voru greidd laun vegna niðurlagningar embættis, enda hafi hann ekki fengið annað embætti, á hann rétt til eftirlauna og lífeyris lögum samkvæmt.

Forseti getur vikið þeim frá embætti, er hann hefur veitt það. Embættismaður, sem vikið er frá að ósekju, sætir ákvæðum 3. máls-

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

greinar.

Forseti getur flutt embættismenn úr einu embætti í annað, enda missi þeir einskis í af embættistekjum sínum, og sé þeim veittur kostur á að kjósa um embættaskiptin eða lausn frá embætti með rétti til helmings af launum þeim, er þeir þá höfðu, og að öðru leyti með þeim kjörum, er í 3. málsgr. segir.

Með lögum má veita ákveðnum embættismannaflokkun sömu réttindi, sem veitt eru dómurum þeim, er ekki hafa umboðsstörf á hendi.

21. gr.

Forseti gerir samninga við önnur ríki. Þó getur hann enga slíka samninga gert, ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef þeir horfa til breytinga á stjórnarhögum ríkisins, nema samþykki alþingis komi til.

22. gr.

Forseti stefnir saman alþingi ár hvert og ákveður, hve nær því skuli slitið. Þingi má eigi slíta, fyrr en fjárlög eru samþykkt. Forseti kveður alþingi til aukafunda, þegar nauðsyn er til.

23. gr.

Forseti getur frestað fundum alþingis tiltekinn tíma, þó ekki lengur en tvær vikur og ekki nema einu sinni sama þingi. Alþingi getur þó veitt forseta samþykki til afbrigða frá þessum ákvæðum.

24. gr.

Forseti getur rofið alþingi. Skal þá láta nýjar kosningar fara fram svo fljótt sem föng eru á, enda komi alþingi saman eigi síðar en átta mánuðum eftir þingrof.

25. gr.

Forseti getur látið leggja fyrir alþingi frumvörp til laga og annara samþykkta.

26. gr.

Ef alþingi hefur samþykkt lagafrumvarp, skal það lagt fyrir forseta til staðfestingar, og fær staðfestingin því lagagildi. Nú synjar forseti lagafrumvarpi staðfestingar, og fær það þó engu að síður lagagildi, en leggja skal það þá svo fljótt sem kostur er undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar með leynilegri atkvæðagreiðslu. Lögin falla úr gildi, ef samþykkis er synjað, en ella halda þau gildi sínu.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

27. gr.

Birta skal lög. Um birtingarháttu og framkvæmd laga fer að landslögum.

28. gr.

Þegar brýna nauðsyn ber til, getur forseti gefið út bráðabirgðalög milli þinga. Ekki mega þau þó ríða í bág við stjórnarskrána. Ætíð skulu þau lögð fyrir næsta alþingi á eftir.

Nú samþykkir alþingi ekki bráðabirgðalög, og falla þau þá úr gildi.

Bráðabirgðafjárlög má ekki gefa út, ef alþingi hefur samþykkt fjárlög fyrir fjárhagstímabilið.

29. gr.

Forseti getur ákveðið, að saksókn fyrir afbrot skuli niður falla, ef ríkar ástæður eru til. Hann náðar menn og veitir almenna uppgjöf saka. Ráðherra getur hann þó eigi leyst undan saksókn né refsingu, sem landsdómur hefur dæmt, nema með samþykki alþingis.

30. gr.

Forseti veitir annað hvort sjálfur eða með því að fela það öðrum stjórnvöldum undanþágur frá lögum samkvæmt reglum, sem farið hefur verið eftir hingað til.

III.

31. gr.

Á alþingi eiga sæti allt að 49 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegum kosningum, þar af

a. 32 í einmennings- og tvímenningskjördæmum þeim, sem nú eru. Kosning þeirra er óhlutbundin. Skipta má tvímenningskjördæmum með lögum.

Deyi þingmaður, kosinn í þessum kjördæmum, á kjörtímanum eða fari frá, þá skal kjósa þingmann í hans stað fyrir það, sem eftir er kjörtímans.

b. 6 í Reykjavík. Kosning þeirra er hlutbundin. Jafnmargir varamenn skulu kosnir samtímis og á sama hátt.

c. Allt að 11 þingmenn til jöfnunar milli þingflokka, svo að hver þeirra hafi þingsæti í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu sína við almennar kosningar. Heimilt er flokkum að hafa landslista í kjöri

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

27. gr.

Birta skal lög. Um birtingarháttu og framkvæmd laga fer að landslögum.

28. gr.

Þegar brýna nauðsyn ber til, getur forseti gefið út bráðabirgðalög milli þinga. Ekki mega þau þó ríða í bág við stjórnarskrána. Ætíð skulu þau lögð fyrir næsta alþingi á eftir.

Nú samþykkir alþingi ekki bráðabirgðalög, og falla þau þá úr gildi.

Bráðabirgðafjárlög má ekki gefa út, ef alþingi hefur samþykkt fjárlög fyrir fjárhagstímabilið.

29. gr.

Forseti getur ákveðið, að saksókn fyrir afbrot skuli niður falla, ef ríkar ástæður eru til. Hann náðar menn og veitir almenna uppgjöf saka. Ráðherra getur hann þó eigi leyst undan saksókn né refsingu, sem landsdómur hefur dæmt, nema með samþykki alþingis. Athg. br.

30. gr.

Forseti veitir annað hvort sjálfur eða með því að fela það öðrum stjórnvöldum undanþágur frá lögum samkvæmt reglum, sem farið hefur verið eftir hingað til.

Ath. brb. ákv. um flokkað mannval og aðra sem réttinn hafa nú –

III.

31. gr.

Á alþingi eiga sæti allt að 49 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegum kosningum, þar af

a. 32 í einmennings- og tvímenningskjördæmum þeim, sem nú eru. Kosning þeirra er óhlutbundin. Skipta má tvímenningskjördæmum með lögum.

Deyi þingmaður, kosinn í þessum kjördæmum, á kjörtímanum eða fari frá, þá skal kjósa þingmann í hans stað fyrir það, sem eftir er kjörtímans.

b. 6 í Reykjavík. Kosning þeirra er hlutbundin. Jafnmargir varamenn skulu kosnir samtímis og á sama hátt.

c. Allt að 11 þingmenn til jöfnunar milli þingflokka, svo að hver þeirra hafi þingsæti í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu sína við almennar kosningar. Heimilt er flokkum að hafa landslista í kjöri

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

við almennar kosningar, enda greiði þá kjósendur atkvæði annaðhvort frambjóðanda í kjördæmi eða landslista. Frambjóðendur þess flokks, sem landslista hefur í kjöri og nær jöfnunarþingsæti, taka sæti eftir þeirri röð, sem þeir eru í á listanum að lokinni kosningu. Skal að minnsta kosti annaðhvert sæti tíu efstu manna á landslista skipað frambjóðendum flokksins í kjördæmum utan Reykjavíkur. Að öðru leyti fer um skipun jöfnunarþingsæta eftir kosningalögum. Jafnmargir varamenn skulu kosnir jöfnunarþingsætum samtímis og á sama hátt.

Þingmenn skulu kosnir til 4 ára.

32. gr.

Alþingi skiptist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Á þriðjungur þingmanna sæti í efri deild, en tveir þriðju hlutar í neðri deild. Verði tala þingmanna þannig, að ekki sé unnt að skipta til þriðjunga í deildirnar, eiga þeir þingmenn, einn eða tveir, sem umfram eru, sæti í neðri deild.

Þingmenn til efri deildar skal kjósa í sameinuðu þingi hlutbundnum kosningum.

33. gr.

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir, karlar sem konur, sem eru 21 árs eða eldri, þegar kosning fer fram, eru fjárráðir, hafa ríkisborgararétt hér á landi og hafa verið búsettir í landinu síðasta árið áður en kosning fer fram. Þó getur enginn átt kosningarrétt, sem hefur verið sviptur honum með dómi í opinberu máli.

Kosningarlög setja að öðru leyti nánari reglur um alþingiskosningar.

34. gr.

Kjörgengur ~~við kosningar~~ til Alþingis er hver, sem kosningarrétt á ~~til þeirra~~.

Þeir dómendur, er ekki hafa umboðsstörf á hendi, eru þó ekki kjörgengir. ~~svo og~~ sama er um saksóknara ríkisins, ef hann verður skipaður.

IV.

35. gr.

Reglulegt Alþingi skal saman koma ár hvert hinn 15. dag

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

febrúarmánaðar, eða næsta virkan dag, ef helgidagur er, hafi forseti ekki tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

Samkomudegi Alþingis má breyta með lögum.

36. gr.

Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess né frelsi.

37. gr.

Samkomustaður Alþingis er jafnaðarlega í Reykjavík. Þegar sérstaklega er ástatt, getur forseti ~~skipað fyrir um~~ ákveðið, að Alþingi skuli koma saman á öðrum stað á Íslandi.

38. gr.

Hver þingmaður hefur rétt til að bera upp á Alþingi innan þess tíma, sem mælt er í þingsköpum, frumvörp til laga og annarra samþykkta til umræðu og ályktunar.

39. gr.

Sameinað Alþingi og hver þingdeild getur skipað nefndir þingmanna sinna til að rannsaka mikilvæg mál, er almenning varða, og veitt þeim rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum.

40. gr.

Engan skatt má á leggja, né breyta, né af taka, nema með lögum. Ekki má heldur taka lán, er skuldbindi ríkið, né selja eða með öðrum ~~móti~~ hætti láta af hendi neina af fasteignum ~~landsins~~ ríkisins né afnotarétt þeirra, nema samkvæmt lagaheimild.

41. gr.

Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum.

42. gr.

Fyrir hvert reglulegt Alþingi skal, þegar er það er saman komið, leggja frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagsár, sem í hönd fer, og skal í frumvarpinu fólgin greinargerð um tekjur ríkisins og gjöld.

Frumvarp til fjárlaga og fjáraukalaga skal leggja fyrir sameinað þing og afgreiða þar með 3 umræðum.

43. gr.

Sameinað Alþingi kýs 3 yfirskoðunarmenn, og skulu þeim veitt laun fyrir starfa sinn. Þeir skulu kosnir með hlutfallskosningu.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Yfirskoðunarmenn þessir eiga að gagnskoða árlega reikninga um tekjur og gjöld ~~landsins~~ ríkisins og ~~gæta~~ athuga þess, hvort tekjur ~~landsins~~ þess séu þar allar taldar og hvort nokkuð hafi verið af hendi greitt án heimildar. Þeir geta, hver um sig, tveir eða allir, krafizt að fá allar skýrslur þær og skjöl, sem þeim þykir þurfa. Síðan skal safna þessum reikningum fyrir hvert fjárhagstímabil í einn reikning og leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um samþykkt á honum og athugasemdir yfirskoðunarmanna.

Rétt er yfirskoðunarmönnum, einum eða fleirum, að fá að sjá reikninga og bækur ríkisféhirðis ~~, og sömuleiðis stjórnarráðsins~~ og ráðuneytanna, fyrir ár það, sem er að líða eða liðið er. Þyki þeim nokkuð athugavert, skulu þeir gera eftirmönnum sínum vísbendingu um það skriflega.

44. gr.

Ekkert lagafrumvarp, að fjárlögum og fjáraukalögum undanskildum, má samþykkja fyrr en það hefur verið rætt þrisvar sinnum í hvorri þingdeild.

45. gr.

Þegar lagafrumvarp er samþykkt í annarihvorri þingdeild, skal það lagt fyrir hina deildina svo sem það var samþykkt. Ef þar verða breytingar á gerðar, fer frumvarpið aftur til fyrri þingdeildar. Ef hér verða aftur gerðar breytingar, fer það af nýju til hinnar deildarinnar.

Nú gengur enn eigi saman, og ganga þá báðar deildirnar saman í eina málstofu, og er þá málinu lokið með einni umræðu í sameinuðu Alþingi.

Þegar Alþingi skipar eina málstofu, þarf meira en helmingur þingmanna úr hvorri þingdeild að vera á fundi og eiga þátt í atkvæðagreiðslu til þess, að fullnaðarsamþykkt verði lögð á mál. Ræður þá atkvæðafjöldi úrslitum um einstök málsatriði. En eigi má þó lagafrumvörp, önnur en frumvörp til fjárlaga og fjáraukalaga, fullnaðarsamþykki, nema tveir þriðjungar greiddra atkvæða séu með þeim.

46. gr.

Alþingi sker sjálft úr, hvort þingmenn þess séu löglega kosnir, svo og úr því, hvort þingmaður hafi misst kjörgengi .

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

47. gr.

Sérhver ~~nýr~~ þingmaður skal vinna eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni, þegar er kosning hans hefur verið tekin gild.

48. gr.

Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum.

~~Embættismenn þeir~~ Opinberir starfsmenn, sem kosnir verða til Alþingis, þurfa ekki leyfi ~~stjórnarinnar~~ yfirboðara sinna til þess að þiggja kosningu, en skyldir eru þeir til, ~~án kostnaðar fyrir ríkissjóð~~, að annast um, á sinn kostnað, að ~~embættisstörfum~~ störfum þeirra verði gegnt á ~~þann~~ viðunandi hátt~~, sem stjórnin telur nægja~~.

49. gr.

Meðan Alþingi stendur yfir, má ekki taka neinn alþingismann fastan fyrir skuldir, án samþykkis sameinaðs Alþingis, né heldur setja hann í gæzluvarðhald eða höfða opinbert mál á móti honum, nema hann sé staðinn að refsiverðu broti.

Enginn alþingismaður verður krafinn reikningsskapar utan þings fyrir það, sem hann hefur sagt í þinginu, nema sameinað Alþingi leyfi.

50. gr.

Ef alþingismaður glatar kjörgengi, og missir hann þá rétt þann, er þingkosning hafði veitt honum.

51. gr.

Ráðherrar eiga samkvæmt embættisstöðu sinni sæti á Alþingi, og eiga þeir rétt á að taka þátt í umræðum eins oft og þeir vilja, en gæta verða þeir þingskapa. Atkvæðisrétt eiga þeir þó því að eins, að þeir séu jafnframt alþingismenn.

52. gr.

Hvor þingdeild og sameinað Alþingi kýs sjálft forseta sína og ritara.

53. gr.

Hvorug þingdeildin getur gert samþykkt um mál, nema meira en helmingur þingdeildarmanna sé á fundi og greiði þar atkvæði.

54. gr.

Heimilt er hverjum alþingismanni að bera upp sérhvert almennt mál í þingdeild sinni eða í sameinuðu Alþingi, ef hún eða það leyfir, og beiðast um það skýrslu ráðherra.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

55. gr.

Sameinað Alþingi eða þingdeild má ekki taka við neinu málefni, nema einhver, sem þar á sæti, flytji það.

56. gr.

Nú þykir sameinuðu Alþingi eða þingdeild ekki ástæða til að gera aðra ályktun um eitthvert málefni, og má þá vísa því til ráðherra.

57. gr.

Fundir beggja þingdeilda og sameinaðs Alþingis skulu haldnir í heyranda hljóði. Þó getur forseti eða svo margir þingmenn sem til er tekið í þingsköpum krafizt, að öllum utanþingsmönnum sé vísað ~~burt~~ brott, og sker þá þingfundur úr, hvort ræða skuli málið í heyranda hljóði eða fyrir luktum dyrum.

58. gr.

Þingsköp sameinaðs Alþingis og beggja deilda þess skulu sett með lögum.

V.

59. gr.

Skipun dómsvaldsins verður eigi ákveðin nema með lögum.

60. gr.

Dómendur skera úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvalda. Þó getur enginn, sem um þau leitar úrskurðar, komið sér hjá að hlýða yfirvaldsboði í bráð með því að skjóta málinu til dóms.

61. gr.

Dómendur skulu í embættisverkum sínum fara einungis ~~eftir lögunum~~ að lögum. Þeim dómendum, sem ekki hafa ~~önnur~~ umboðsstörf á hendi, verður ekki vikið úr embætti nema með dómi, og ekki verða þeir heldur fluttir í annað embætti ~~á móti vilja þeirra~~ gegn vilja sínum, nema þegar ~~svo stendur á, að~~ verið er að koma nýrri skipun á dómstólana. Þó má veita þeim dómara, sem orðinn er fullra 65 ára gamall, lausn frá embætti, en eigi skal hann missa neins í af launum sínum.

VI.

62. gr.

Hin evangeliska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Breyta má þessu með lögum.

63. gr.

Landsmenn eiga rétt á að stofna félög til að þjóna guði með þeim hætti, sem bezt á við sannfæringu hvers eins. Þó má ekki kenna eða fremja neitt, sem er gagnstætt góðu siðferði og allsherjarreglu.

64. gr.

Enginn má neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum réttindum fyrir sakir trúarbragða sinna, né heldur má nokkur fyrir þá sök skorast undan almennri félagsskyldu.

Enginn er skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til neinnar annarar guðsdýrkunar en þeirrar, er hann sjálfur aðhyllist.

Nú er maður utan þjóðkirkjunnar og eigi öðrum viðurkenndu trúarfélagi og geldur hann þá til Háskóla Íslands, eða einhvers styrktarsjóðs við þann skóla, eftir því sem á verður kveðið. gjold þau, er honum ella hefði borið að greiða til þjóðkirkjunnar. Skipa má gjaldi þessu með lögum.

VII.

65. gr.

Hvern þann, sem tekinn er fastur, skal án undandráttar leiða fyrir dómara. Láti dómari eigi manninn jafnskjótt lausan, skal hann, áður en sólarhringur sé liðinn, leggja rökstuddan úrskurð á, hvort maðurinn skuli settur í gæzluvarðhald. Megi láta hann lausan gegn tryggingu, þá skal ákveða í úrskurði, hver og hversu mikil hún skuli vera.

Úrskurði dómara má þegar skjóta til æðra dóms að hætti opinberra mála.

Engan má setja í gæzluvarðhald fyrir sök, er aðeins varðar fésekt eða varðhaldi.

66. gr.

Heimilið er friðheilagt. Ekki má gera húsleit, né kyrrsetja bréf og önnur skjöl og rannsaka þau, nema eftir dómsúrskurði eða ~~eftir~~ sérstakri lagaheimild.

67. gr.

Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína, nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli, og komi fullt verð fyrir.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

68. gr.

Enginn útlendingur getur fengið ríkisborgararétt nema með lögum.

Um heimild útlendinga til þess að eiga fasteignaréttindi hér á landi skal skipað með lögum.

69. gr.

Engin bönd má leggja á atvinnufrelsi manna, nema almenningsheill krefji, enda þarf lagaboð til.

70. gr.

Sá skal eiga rétt á styrk úr almennum sjóði, sem eigi fær séð fyrir sér og sínum, og sé eigi öðrum skylt að framfæra hann, en þá skal hann vera skyldum þeim háður, sem lög áskilja.

71. gr.

Hafi foreldrar eigi efni á að fræða sjálf börn sín, eða séu börnin munaðarlaus og öreigar, er skylt að sjá þeim fyrir uppfræðingu og framfæri af almannafé.

72. gr.

Hver[jum manni er] ~~maður á~~ rétt ~~á~~ að láta í ljósi hugsanir sínar á prenti. Þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi ~~má aldrei í lög leiða~~ [eru óheimilar.]

73. gr.

Rétt ~~eiga menn~~ [er mönnum] að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi, án þess að sækja þurfi um leyfi til þess. ~~[illegible]~~ Félagi má [eigi] ~~leysa upp~~ [slíta] með stjórnarráðstöfun. Þó má banna félag um sinn, en þá ~~verður~~ [skal] þegar ~~að~~ höfða mál ~~gegn félaginu, til þess að það verði leyst upp~~ [(til félagsslita.)]

74. gr.

Rétt ~~eiga menn~~ [er mönnum] að ~~safnast~~ [koma] saman vopnlausir. Lögreglustjórn~~inni~~ er heimilt að vera við almennar samkomur. Banna má mannfundi undir berum himni, þegar uggvænt þykir, að af þeim leiði óspektir.

75. gr.

~~Sérhver~~ [Hverjum] vopnfær[um] ~~maður~~ [manni] er ~~skyldur~~ [skylt] að taka ~~sjálfur~~ þátt í vörn landsins, eftir því sem ~~[illegible]~~ kann að verða ~~[illegible]~~ mælt ~~með~~ lögum.

76. gr.

76. gr.

Rétti sveitarfélaga til að ráða sjálf málefnum sínum með umsjón ríkisstjórnar skal skipað með lögum.

77. gr.

Skattamálum skal skipa með lögum.

78. gr.

Sérréttindi, er bundin séu við aðal, nafnbætur eða lögtign, má eigi taka í lög.

79. gr.

Tillögur, hvort sem þær eru til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp bæði á reglulegu Alþingi og auka-Alþingi. Nái tillagan samþykki Alþingis, skal rjúfa það þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki Alþingi ályktunina enn óbreytta, þá öðlast hún þegar gildi sem stjórnskipunarlög.

Nú samþykkir Alþingi breyting á kirkjuskipun ríkisins samkvæmt 62. gr., og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar, og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg.

Ákvæði um stundarsakir.

1. Kosningarrétt og kjörgengi til Alþingis halda að öðru jöfnu þeir menn, er þann rétt höfðu þegar stjórnarskrá þessi kemur til framkvæmda, þótt eigi séu þeir íslenskir ríkisborgarar.

2. Þeir menn, er eftir eldri reglum hafa misst kosningarrétt og kjörgengi sakir flekkaðs mannorðs, öðlast þann rétt, er þeir hafa fengið uppreisn æru að lögum.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tala við Gunnlaug Briem

# Stjórnarskrá Íslands.

## I.

### 1. gr.

Stjórnskipulagið er þingbundin lýðveldisstjórn.

### 2. gr.

Alþingi og forseti fara saman með löggjafarvaldið. Forseti og önnur stjórnvöld samkvæmt stjórnarskrá þessari og öðrum landslögum fara með framkvæmdarvaldið. Dómendur fara með dómsvaldið.

## II.

### 3. gr.

Sameinað alþingi kýs forseta.

### 4. gr.

Kjörgengur til forseta er hver 35 ára gamall maður, sem ~~hefur kosningarrétt til alþingis~~ fullnægir skilyrðum kosningarréttar til Alþingis, að fráskildu búsetuskilyrðinu.

### 5. gr.

Til þess að kosning forseta sé lögmæt, þurfa meira en þrír fjórðu hlutar þingmanna að vera á fundi og skila þar gildu atkvæði. Rétt kjörinn forseti er sá, er fær meira en helming greiddra atkvæða þeirra, er á fundi eru. Ef sá atkvæðafjöldi næst ekki í fyrstu kosningu, skal kjósa af nýju óbundnum kosningum. Ef enginn fær þá heldur nógu mörg atkvæði, skal kjósa um þá tvo, er flest fengu atkvæði í síðari óbundnu kosningunni. En ef fleiri hafa þá hlotið jafnmörg atkvæði, ræður hlutkesti, um hverja tvo skuli kjósa. Ef þeir fá báðir jafnmörg atkvæði í bundnu kosningunni, ræður hlutkesti, hvor þeirra verður forseti.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6. gr.

Forseti skal kosinn til sjö ára. Kosning nýs forseta skal fara fram á síðasta ársfjórðungi, áður en kjörtímabili hins er lokið. Lg

7. gr.

Nú deyr forseti eða lætur af störfum, áður en kjörtíma hans er lokið, og skal þá kjósa nýjan forseta til næstu sjö ára. Alþingi skal koma saman í því skyni innan mánaðar.

8. gr.

Nú verður sæti forseta laust eða hann getur ekki gegnt störfum um sinn vegna dvalar erlendis, sjúkleika eða af öðrum ástæðum, og skulu þá forsætisráðherra, forseti sameinaðs alþingis og forseti hæstaréttar fara með forsetavald. Ef ágreiningur verður þeirra í milli, ræður meiri hluti.

9. gr.

Forseti má ekki vera alþingismaður né hafa með höndum launuð störf í þágu opinberra stofnana eða einka-atvinnufyrirtækja.

Ákveða skal með lögum greiðslur af ríkisfé til forseta og þeirra, sem fara með forsetavald. Óheimilt skal að lækka greiðslur þessar til forseta kjörtímabil hans.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10. gr.

Forseti vinnur eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni, er hann tekur við störfum. Af eiðstaf þessum eða heiti skal gera tvö samhljóða frumrit. Geymir alþingi annað, en þjóðskjalasafnið hitt.

11. gr.

Forseti er ábyrgðarlaus á stjórnarathöfnum. Svo er og um þá, er störfum hans gegna.

Forseti verður ekki sóttur til refsingar, nema með samþykki alþingis.

Sameinað alþingi getur samþykkt, að forseti skuli þegar láta af störfum, enda beri 10 þingmenn hið fyrsta fram tillögu um það, þrír fjórðu hlutar þingmanna séu á fundi og sé tillagan samþykkt með að minnsta kosti þremur fjórðu gildra atkvæða þeirra, sem á fundi eru.

12. gr.

Forseti hefur aðsetur í Reykjavík.

13. gr.

Forseti lætur ráðherra framkvæma vald sitt.

Ráðuneytið hefur aðsetur í Reykjavík.

14. gr.

Ráðherrar bera ábyrgð á ~~stjórnarframkvæmdum~~ embættisrekstri sínum. Ráðherraábyrgð er ákveðin með lögum. Alþingi getur kært ráðherra fyrir embættisrekstur þeirra. Landsdómur dæmir þau mál.

15. gr.

Forseti skipar ráðherra og veitir þeim lausn.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hann ákveður tölu þeirra og skiptir störfum með þeim.

16. gr.

Forseti og ráðherrar skipa ríkisráð, og hefur forseti þar forsæti.

Lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir skal bera upp fyrir forseta í ríkisráði.

17. gr.

Ráðherrafundi skal halda um nýmæli í lögum og um mikilvæg stjórnarmálefni. Svo skal og ráðherrafund halda, ef einhver ráðherra óskar að bera þar upp mál. Fundunum stjórnar sá ráðherra, er forseti hefur kvatt til forsætis, og nefnist hann forsætisráðherra.

18. gr.

Sá ráðherra, sem mál hefur undirritað, ber það að jafnaði upp fyrir forseta. Ef annar ráðherra gerir það, ber hann ábyrgð á því, að það sé rétt flutt, en annars ber hann ekki sérstaka ábyrgð vegna flutningsins, nema hann hafi tekið með öðrum hætti stjórnskipulega ábyrgð á efni þess.

19. gr.

Undirskrift forseta undir löggjafarmál eða eða stjórnarerindi veitir þeim gildi, er ráðherra ritar undir þau með honum.

20. gr.

Forseti veitir þau embætti, er lög mæla. Engan má skipa embættismann, nema hann hafi

20. gr.

Forseti veitir þau embætti, er lög mæla.

Engan má skipa embættismann, nema hann hafi íslenzkan ríkisborgararétt. Embættismaður hver skal vinna eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni.

Nú er embætti lagt niður, og á þá sá, er því gegndi, rétt til 2/3 hluta þeirra embættislauna, er hann hafði þá, næstu 4 árin, þó aldrei lengur en þar til þátt hefði leysa hann frá embætti fyrir aldurs sakir. Ef embættismaður fær á nefndu tímabili annað embætti, mega samanlagðar embættistekjur hans og áðurnefndur launahluti ekki nema meira en tekjur niðurlagða embættisins. Þegar liðinn er sá tími, er embættismanni voru greidd laun vegna niðurlagningar embættis, enda hafi hann ekki fengið annað embætti, á hann rétt til eftirlauna og lífeyris lögum samkvæmt.

Forseti getur vikið þeim frá embætti, er hann hefur veitt það. Embættismaður, sem vikið er frá að ósekju, sætir ákvæðum 3. málsgreinar.

Forseti getur flutt embættismenn úr einu embætti í annað, enda missi þeir einskis í af embættistekjum sínum, og sé þeim veittur kostur á að kjósa um embættaskiptin eða lausn frá embætti með rétti til þess helmings af launum þeim, er þeir þá höfðu, og að öðru leyti með þeim kjörum, er í 3. málsgr. segir.

Með lögum má veita ákveðnum embættismannaflokkum sömu réttindi sem veitt eru dómurum þeim, sem ekki hafa umboðsstörf á hendi.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

íslenzkan ríkisborgararétt. Embættismaður hver skal vinna eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni.

Forseti getur vikið þeim frá embætti, er hann hefur veitt það, en rétt á sá, er frá er vikið að ósekju, til bóta eftir dómi*, auk lífeyris, [illegible] ákveða skal með sama hætti; og [illegible] embætti er lagt niður.*

Forseti getur flutt embættismenn úr einu embætti í annað, þó svo, að þeir missi einskis í af embættistekjum, enda sé þeim gefinn kostur á að kjósa um,x embættaskiptin eða lausn frá embætti með lögmæltum eftirlaunum, lífeyri eða ellistyrk.

Undan
Exx ákvæðum x x 3. og 4. málsgreinar má, auk þeirra dómenda, sem ekki hafa umboðsstörf á hendi, xxxxxskilja ákveðna embættismannaflokka með lögum.

21. gr.

Forseti gerir samninga við önnur ríki. Þó getur hann enga slíka samninga gert, ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir í landi eða landhelgi eða ef þeir horfa til breytinga á stjórnarhögum ríkisins, nema samþykki alþingis komi til.

22. gr.

Forseti stefnir saman alþingi ár hvert og ákveður, hve nær því skuli slitið. Þingi má eigi slíta, fyrr en fjárlög eru samþykkt. Forseti kveður alþingi til aukafunda, þegar nauðsyn er til.

23. gr.

Forseti getur frestað fundum alþingis x tiltekinn

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

tíma, þó ekki lengur en tvær vikur, [~~nema alþingi samþykki~~] og ekki nema einu sinni sama þingi. [forseta]

Alþingi getur þó veitt samþykki til afbrigða frá þessum ákvæðum.

24. gr.

Forseti getur rofið alþingi. Skal þá láta nýjar kosningar fara fram svo fljótt sem föng eru á, enda komi alþingi saman eigi síðar en átta mánuðum eftir [~~[illegible]~~] þingrof.

25. gr.

Forseti getur látið leggja fyrir alþingi frumvörp til laga og annara samþykkta.

26. gr.

Ef alþingi hefur samþykkt lagafrumvarp, skal það lagt fyrir forseta til staðfestingar, og fær staðfestingin því lagagildi. Nú synjar forseti lagafrumvarpi staðfestingar, og fær það þó engu að síður lagagildi, en leggja skal það þá [svo fljótt sem kostur er] undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar með leynilegri atkvæðagreiðslu. Lögin falla úr gildi, ef samþykkis er synjað, en ella halda þau gildi sínu.

27. gr.

Birta skal lög. Um birtingarháttu og framkvæmd laga fer að landslögum.

28. gr.

~~XXXXX~~. Þegar brýna nauðsyn ber til, getur forseti gefið út bráðabirgðalög milli þinga. Ekki mega þau þó ríða í bág við stjórnarskrána.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ætíð skulu þau lögð fyrir næsta alþingi á eftir.

Nú samþykkir alþingi ekki bráðabirgðalög, og falla þau þá úr gildi.

Bráðabirgðafjárlög má ekki gefa út, ef alþingi hefur samþykkt fjárlög fyrir fjárhagstímabilið.

~~Forsetixgeturxákveðiðx~~

29. gr.

Forseti getur ákveðið, að saksókn fyrir afbrot skuli niður falla, ef ríkar ástæður eru til. Hann náðar menn og veitir almenna uppgjöf saka. Ráðherra getur hann þó eigi leyst undan saksókn né refsingu, sem landsdómur hefur dæmt, nema með samþykki alþingis.

30. gr.

Forseti veitir annað hvort sjálfur~~,~~ eða með því að fela það öðrum stjórnvöldum~~,~~ undanþágur frá lögum~~,~~ samkvæmt reglum, sem farið hefur verið eftir hingað til.

III.

31. gr.

26. gr. óbreytt.

32. gr.

27. gr. óbreytt. en aftan við bætist: þingmenn til efri deildar skal kjósa í sameinuðu þingi hlutbundnum kosningum.

33. gr.

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir, karlar sem konur, sem eru 21 árs eða eldri, þegar kosning fer fram, eru fjárráða, hafa ríkisborgararétt hér á landi og hafa verið búsettir í landinu síðasta árið áður en kosning fer fram. Þó getur enginn átt kosningarrétt, sem hefir verið sviftur honum með dómi í opinberu máli.

Kosningarlög setja að öðru leyti nánari reglur um alþingiskosningar.

34. gr.

Kjörgengur ~~við kosningar~~ til Alþingis er hver, sem kosningarrétt á til þeirra.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ætíð skulu þau lögð fyrir næsta alþingi á eftir.

Nú samþykkir alþingi ekki bráðabirgðalög, og falla þau þá úr gildi.

Bráðabirgðafjárlög má ekki gefa út, ef alþingi hefur samþykkt fjárlög fyrir fjárhagstímabilið.

~~Forseti getur ákveðið,~~

29. gr.

Forseti getur ákveðið, að saksókn fyrir afbrot skuli niður falla, ef ríkar ástæður eru til. Hann náðar menn og veitir almenna uppgjöf saka. Ráðherra getur hann þó eigi leyst undan saksókn né refsingu, sem landsdómur hefur dæmt, nema með samþykki alþingis.

30. gr.

Forseti veitir annað hvort sjálfur, eða með því að fela það öðrum stjórnvöldum, undanþágur frá lögum, samkvæmt reglum, sem farið hefur verið eftir hingað til.

III.

31. gr.

26. gr. óbreytt.

32. gr.

27. gr. óbreytt, en aftan við bætist: Þingmenn til efri deildar skal kjósa í sameinuðu þingi hlutbundnum kosningum.

33. gr.

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir, karlar sem konur, sem eru 21 árs eða eldri, þegar kosning fer fram, eru fjárráðir, hafa ríkisborgararétt hér á landi og hafa verið búsettir í landinu síðasta árið áður en kosning fer fram. Þó getur enginn átt kosningarrétt, sem hefir verið sviftur honum með dómi í opinberu máli.

Kosningarlög setja að öðru leyti nánari reglur um alþingiskosningar.

34. gr.

Kjörgengur ~~við kosningar~~ til Alþingis er hver, sem kosningarrétt á til þeirra.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þeir dómendur, er ekki hafa umboðsstörf á hendi, enn þó ekki kjörgengir, Svo og saksóknari ríkisins, ef hann verður skipaður.

IV. 35. gr.

Reglulegt Alþingi skal saman koma ár hvert hinn 15. dag febrúarmánaðar, eða næsta virkan dag, ef helgidagur er, hafi forseti ekki tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

Samkomudegi Alþingis má breyta með lögum.

36. gr.

31. gr. óbreytt.

37. gr.

Samkomustaður Alþingis er jafnaðarlega í Reykjavík. Þegar sérstaklega er ástatt, getur forseti skipað fyrir um, að Alþingi skuli koma saman á öðrum stað á Íslandi.

38. gr.

Hver þingmaður hefir rétt til, innan þess tíma, sem mælt er í þingsköpum, að bera upp á Alþingi frumvörp til laga og annara samþykkta til umræðu og ályktunar.

39. gr.

Sameinað Alþingi og hvor þingdeild getur skipað nefndir þingmanna sinna til að rannsaka mikilvæg mál, er almenning varða, og veitt þeim rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum.

40. gr.
35. gr. óbreytt.

41. gr.
36. gr. óbreytt.

42. gr.
~~37. gr. 1.~~
37. gr. 1. mgr. óbreytt.
Síðari mgr. orðist svo:
Frumvarp til fjárlaga og fjáraukalaga skal leggja fyrir sameinað þing og afgreiða þar með þremur umræðum.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9..

43. gr.

38. gr. óbreytt.

44. gr.

39. gr.

45. gr.

40. gr. 1. mgr. óbreytt.

~~Þá~~ 2. mgr. orðist svo:

Nú ganga menn eigi saman, og ganga þá báðar deildirnar saman í eina málstofu, og er þá málinu lokið með einni umræðu í sameinuðu Alþingi.

3. mgr. 40. gr. óbreytt.

46. gr.

41. gr. óbreytt.

47. gr.

42. gr. óbreytt.

48. gr.

43. gr. óbreytt.

49. gr.

Meðan Alþingi stendur yfir má ekki taka neinn alþingismann fastan fyrir skuldir, án samþykkis ~~þeirrar deildar, er hann situr~~ sameinaðs Alþingis né heldur setja hann í gæsluvarðhald eða höfða ~~sök~~ opinbert mál á móti honum, nema hann sé staðinn að refsiverðu broti.

Enginn alþingismaður verður krafinn reikningsskapar utan þings fyrir það, sem hann hefir sagt í þinginu, nema sameinað Alþingi leyfi.

50. gr.

45. gr. óbreytt.

51. gr.

46. gr. óbreytt.

52. gr.

~~Stjórn~~ ~~49. gr. óbreytt~~

Hver þingdeild og sameinað Alþingi kýs sjálft forseta sinn og ritara.

53. gr.

48. gr. óbreytt.

~~54. gr.~~

~~49. gr. óbreytt.~~

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

54. gr.

Heimilt er hverjum alþingismanni að bera upp sérhvert almennt mál í þingdeild sinni eða sameinuðu Alþingi, ef hún eða það leyfir, og beiðast um það skýrslu ráðherra.

55. gr.

Sameinað Alþingi, eða þingdeild, má ekki taka við neinu málefni, nema einhver, sem þar á sæti, flytji það.

56. gr.

Nú þykir ~~Alþingi~~ sameinuðu Alþingi eða þingdeild ekki ástæða til að gera ályktun um eitthvert málefni, og má þá vísa því til ráðherra.

57. gr.

52. gr. óbreytt.

58. gr.

53. gr. óbreytt.

V.

59. gr.

54. gr. óbreytt.

60. gr.

55. gr. óbreytt.

61. gr.

56. gr. óbreytt.

VI.

62. gr.

57. gr. óbreytt.

63. gr.

58. gr. óbreytt.

64. gr.

59. gr. óbreytt að öðru leyti en 3. og 4. mgr. orðist svo:

Nú er maður utan þjóðkirkjunnar og eigi í öðrum viðurkenndum trúfélagi, og geldur hann þá til Háskóla Íslands, eða einhvers styrktarsjóðs við þann skóla, eftir því sem á verður kveðið, gjöld þau, er honum ella hefði borið að greiða til þjóðkirkjunnar.

Skipa má gjaldi þessu með lögum.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

VII.

65. gr.

Hvern þann, sem tekinn er fastur, skal án undandráttar leiða fyrir dómara. Láti dómari manninn ekki jafnskjótt lausan, skal hann, áður en sólarhringur sé liðinn, leggja rökstuddan úrskurð á, hvort ~~hann~~ sá skuli settur í ~~varðhald~~ gæsluvarðhald. Megi láta hann lausan gegn tryggingu, þá skal ákveða í úrskurði hver tryggingin skuli vera.

Úrskurði dómara má þegar skjóta til æðra dóms að hætti opinberra mála.

Engan má setja í gæsluvarðhald fyrir sök, er aðeins varðar fésekt eða varðhaldi.

66. gr. – 78. gr.

61. gr. – 73. gr. óbreyttar.

74. gr. falli burt.

79. gr.

Tillögur, hvort sem eru til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp bæði á reglulegu Alþingi og auka Alþingi. Nái tillagan samþykki Alþingis skal rjúfa það þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki Alþingi enn ályktunina óbreytta hefir hún þess gildi sem stjórnskipunarlög.

Nú samþykkir Alþingi breyting á kirkjuskipuninni samkvæmt 62. gr., og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar, og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg.

Ákvæði um stundarsakir

IX.